# NASDAQ OMX Iceland – Yfirlit fyrir september 2012

***Heildarveltan fyrir september er 146 milljarðar (samanborið við 258 milljarða í ágúst).***

***Hlutabréfaviðskipti*** – Heildarviðskipti með hlutabréf í september námu 5.025 milljónum eða 251 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í ágúst 4.404 milljónum eða 200 milljónum á dag. Mest voru viðskipti með bréf Haga (HAGA) 1.687 milljónir, með bréf Marel (MARL) 1.154 milljónir, og með bréf Icelandair Group (ICEAIR) 1.071 milljónir.

***Hlutabréfavísitölur*** – Úrvalsvísitalan (OMXI6) lækkaði um 0,47% milli mánaða og stendur nú í 999 stigum.

***Hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði*** – Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 30,0% (38,47% á árinu), Íslandsbanki með 29,2% (25,3% á árinu), og MP Banki með 18,1% (13,1% á árinu).

***Skuldabréfavelta*** – Heildarviðskipti með skuldabréf námu 141 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 7,1 milljarða veltu á dag samanborið við 11,5 milljarða veltu á dag í ágústmánuði.

Mest voru viðskipti með *RIKB 19 0226*, 21,0 milljarðar, *RIKB 16 1013*, 18,1 milljarðar, og *RIKB 22 1026, 15,7* milljarðar. Alls námu viðskipti með ríkisbréf 100,6 milljörðum en viðskipti með íbúðabréf námu 37,1 milljörðum.

***Skuldabréfavísitölur*** – Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða óverðtryggðu vísitölunnar (OMXI3MNI) er nú 3,00% (19 punktar), ávöxtunarkrafa eins árs óverðtryggðu vísitölunnar (OMXI1YNI) 3,71% (17 punktar), fimm ára óverðtryggðu vísitölunnar (OMXI5YNI) 6,18% (14 punktar) og 10 ára óverðtryggðu vísitölunnar (OMXI10YNI) 6,96% (0,5 punktar). Ávöxtunarkrafa 5 ára verðtryggðu vísitölunnar (OMXI5YI) stendur nú í 1,60% (-2 punktar) og 10 ára verðtryggðu vísitölunnar (OMXI10YI) í 2,19% (3 punktar).

***Hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði*** – Í september var MP Banki með mestu hlutdeildina 23,0% (22,4% á árinu), Íslandsbanki með 20,1% (19,9% á árinu) og Landsbankinn með 18,7% (23,8% á árinu).